

FUNDARGERÐ

125. fundar skólanefndar Mýrdalshrepps, haldinn á skrifstofu Mýrdalshrepps, mánudaginn 17. október 2005 kl. 17:00.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn skólanefndar. Andrína Erlingsdóttir og Gísli Sigurðsson varamaður hennar boða forföll Sveitarstjóri ritaði fundargerð á tölvu. Formaður, Þorgerður Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

I. Tónskólinn

Á fundinn er mætt Kristín Waage tónskólastjóri.

1. Skóladagatal

Kristín leggur fram skóladagatal tónskólans sem er samræmt skóladagatali grunnskólans. Skólanefnd samþykkir framlagt skóladagatal.

2. Haustskýrsla

20 eru í einstaklingsnámi sem er nokkuð færra en áður. Auk þess eru nemendur 1-3 bekkjar í forskólanámi. 6 af 10 nemendum sem koma úr forskólanámi hefja nú einstaklingsnám. Báðir starfsmenn eru í fullu starfi án yfirvinnu.

3. Önnur mál.

a) Samstarf grunn- og tónskóla

Ákveðið hefur verið að skólarnir vinni saman að uppsetningu helgileiks fyrir jólin.

b) Hljóðfæri

Skil á hljóðfærum hafa ekki verið sem skyldi og mun skólastjóri auglýsa eftir hljóðfærum sem eru í útláni.

Kristín yfirgefur fundinn.

II. Leikskólinn

Á fundinn er mætt Aðalheiður Sigbórsdóttir leikskólastjóri.

4. Fjárhagsáætlun, endurskoðun

Aðalheiður og Sveinn upplýsa að ástæða þess að rekstur fór fram úr áætlun séu aukinn barnafjöldi og þar af leiðandi aukin starfshlutföll, námsleyfi starfsfólks og nýir kjarasamningar.

5. Bréf heilbrigðiseftirlits dags. 5. október 2005.

Lagt fram til kynningar.

Aðalheiður yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri, Gunnar Halldórsson fulltrúi kennara og Kristján Kristjánsson fulltrúi foreldra.

1. Skóladagvist

Skólasel er víða rekið fyrir 1. – 4. bekk skóla og gjald er á bilinu 7-8.000,- á mánuði. Gæslutími er gjarnan frá 13:30 til 17:15. Sumstaðar er boðið upp á aðstoð við heimanám en annars staðar ekki.

Samþykkt að Kolbrún vinni drög að könnun fyrir næsta fund.

2. Skólanámskrá, námshluti

Foreldraráð hefur með bréfi dags. 15. okt. 2005 samþykkt fyrir sitt leyti námshluta

skólanámsskrár.

3. Haustskýrsla skóla.

Kolbrún leggur fram eftirstöðvar haustskýrslu.

4. Bréf heilbrigðiseftirlits dags. 5. október 2005.

Lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál.

a) Foreldraráð

Kristján Kristjánsson hefur tekið við formennsku í foreldraráði í stað Margrétar Birgisdóttur.

Kolbrún, Gunnar og Kristján yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:45.

_____ Sigrún Guðmundsdóttir	_____ Þorgerður Einarsdóttir Formaður	_____ Bergþóra Ástþórsdóttir
_____ Ragnheiður Högnadóttir	_____	_____